

Mál nr. 279/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. ágúst 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 2. september 2025, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. september 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 3. október 2025.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, dags. 30. ágúst 2022, kemur fram að M hafi hinn 25. ágúst 2022 dottið af rafmagnshlaupahjólí á göngustíg í Mosfellsbæ. Vitni sögðu M hafa hjólað á „kubb“ og að hún hefði „eitthvað verið að líta til hliðar“. Rætt var við foreldra M á bráðadeild Landspítalans sem höfðu eftir henni að hún hefði verið á leið niður brekku á rafmagnshlaupahjólínu og klesst á stein með þeim afleiðingum að hún féll, rak höfuðið í stein og tók kollhnís yfir steina og hafnaði á bakinu. Var hún með hjálm. Kveðst hún ekki hafa séð steininn. Af ljósmyndum lögreglu af vettvangi má sjá öryggisgirðingu sem fest er með steypuklumpum liggja samhliða göngustígnum. Nokkrir lausir steypuklumpar voru staðsettir fyrir utan göngustíginn en ein ljósmynd sýnir að einn klumpurinn hafi líklega legið örlítið inn á göngustígnum fyrir slysið.

Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu byggingarfélagsins X sem sá um byggingarframkvæmdir á svæðinu. Af hálfu V hefur bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X verið hafnað. Í málskoti sínu vísar M til þess að aflað hafi verið vitnayfirlýsingar frá tveimur vitnum sem voru með M þegar slysið var. Þar er atvikinu lýst þannig að steypuklumpurinn hafi verið inn á gangstéttinni og að fjöldi annarra steypuklumpa hafi verið fyrir utan öryggisgirðingu byggingarsvæðis X. Telur M X bera ábyrgð á aðbúnaði og öryggi vinnusvæðisins og nærumhverfi þess ef hlutir af vinnusvæðinu voru geymdir utan þess. Bar X að haga frágangi innan og utan svæðisins þannig að slysaætta stafaði ekki af. Þá vísar M til ljósmynda lögreglu til sönnunar því að einn steypuklumpurinn hafi verið inn á gangstéttinni og færst svo til við áreksturinn. Frágangur hans hafi skapað augljósa slysaættu fyrir hjólandi vegfarendur. Vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða setta á grundvelli laganna. Telur M það engu skipta að X hafi ekki sett upp girðinguna þar sem óumdeilt sé að X var eini verktakinn á svæðinu þegar slysið átti sér stað og vann þar að uppsteypu húsanna. Vinnusvæðið hafi því verið á hans forræði. Hafi X vitað eða mátt vita að umþrættir steypuklumpar væru utan vinnusvæðis og einn klumpur hafi a.m.k. verið inn á fjölförnum göngustíg. Samkvæmt upplýsingum frá Mosfellsbæ hafi öryggisgirðingin og frágangur hennar verið í óleyfi í bæjarlandinu. Eftir slysið hafi X bætt úr frágangi á klumpunum og var þeim raðað ofan á girðinguna eftir áskorun frá byggingarfulltrúa. Með háttsemi sinni hafi M brotið gegn ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012, ákvæðum reglugerðar nr. 1127/2007 um lögreglusamþykktir og lögreglusamþykkt Mosfellsumdæmis. Að lokum vísar M til nokkurra dóma máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að engin bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu X, þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæms frágangs öryggisgirðingarinnar eða steina við hana. X hafi einungis annast steypuvinnu á byggingarsvæðinu og ekkert haft með girðinguna að eða frágang steinanna að gera, enda hafi það verið á ábyrgð aðalverktaka, sbr. grein 8,8 í fyrirbyggjandi verksamningi. V telur því óheimilt að leggja hlutlæga ábyrgð á X sem undirverktaka án sönnunar um saknæma háttsemi af þess hálfu. Þá geti X ekki borið ábyrgð á því þótt ekki hafi verið aflað framkvæmdaleyfis fyrir girðinguna, enda hafi það verið á ábyrgð lóðarhafa. Að mati V voru steinarnir utan marka göngustígsins og sköpuðu enga raunverulega hættu. Ef einn steinn hafi hugsanlega skagað örlítið inn á stíginn hafi það fremur verið afleiðing árekstursins sjálfs. Slysið sé því fyrst og fremst rakið til óaðgæslu M, sem hafi ekið hlaupahjólí á miklum hraða, við brún stígsins og horft til hliðar í stað fram fyrir sig. Vegfarendur verði almennt að gera ráð fyrir hindrunum á göngu- og hjólastígum og sýna

eðlilega aðgæslu, sérstaklega þegar birtuskilyrði eru góð og hindranir sýnilegar, eins og í þessu tilviki. V hafnar jafnframt trúverðugleika vitnayfirlýsinga sem lagðar voru fram síðar í málinu og telur þær ekki hafa sjálfstætt sönnunargildi. Þær innihaldi gildishlaðnar fullyrðingar og villandi framsetningu á staðháttum sem dragi úr trúverðugleika þeirra. Að öllu virtu telur V að slysið sé alfarið M sjálfri að kenna.

Í viðbótarathugasemddum M er á því byggt að X hafi verið eini aðilinn á byggingarsvæðinu á umræddum tíma og hafi því borið ábyrgð á vinnusvæðinu. Þá telur M að steypuklumpurinn hafi verið talsvert meira en 2-3 cm inn á stígnum. Þá sé rangt og ósannað að M hafi ekið hratt, hvað þá of hratt. Á vettvangi hafi verið átta steypuklumpar sem höfðu ekkert hlutverk annað en að skapa hættu. Þeir hafi ekki verið notaðir sem farg á girðinguna né hafi þeir verið tengdir við hana. Þeir voru auk þess utan lóðarmarka. Mótmælir M því sérstaklega að vitnayfirlýsingin sé einhliða samin af lögmanni sínum eða að í henni felist ekki sjálfstæð lýsing þeirra á atburðum. Þá er mótmælt að verksamningur og orðalag hans geti leitt til takmörkunar á skaðabótaábyrgð í málinu.

Í viðbótarathugasemddum V er því mótmælt að X hafi verið eini aðilinn á byggingarsvæðinu á þessum tíma. Hafi steinninn á annað borð skagað inn á stíginn, bendi myndir til þess að það hafi þá verið afar lítið og varla meira en 2-3 cm. Í ljósi staðsetningar, breiddar stígsins og sýnileika (bjart) hafi staðsetning steinanna ekki verið til þess fallin að valda stórfelldri hættu. Hafi M ekið á steinninn sé eina skýring þess sú að hún hafi ekki verið að horfa fram fyrir sig eða sýnt þá aðgæslu sem reikna má með frá vegfarendum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megí rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttarins. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafði X þann verkþátt við byggingaframkvæmdirnar að annast uppsteypu á lóðinni við hlið göngustígsins er slysið varð. Samkvæmt grein 8.8 í verksamningi bar verkkaupi ábyrgð á því að girða vinnusvæðið af og viðhalda girðingunni á verk tíma. Ljóst er að öryggisgirðing hafði þegar verið reist áður en X hóf störf á svæðinu og ekkert liggur fyrir um að X hafi komið að uppsetningu hennar eða frágangi steinanna sem voru við girðinguna. Þá er ósannað hver hafi lagt hinn umdeilda stein þar sem slysið varð á göngustíginn, hvenær það hafi verið gert eða hvort X eða starfsmenn þess hafi haft vitneskju um staðsetningu hans. Að þessu virtu verður ekki talið að slysið megí rekja til sakar X eða starfsmanna þess. Verður samkvæmt framansögðu að leggja til grundvallar að um óhappatilvik hafi verið að ræða, og er því bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir